



# **Rótarýumdæmið á Íslandi**

## **67. umdæmisþing**

### **Umdæmi 1360**

**Ársskýrsla umdæmisstjóra,  
skýrslur umdæmisnefnda og ársreikningur  
fyrir starfsárið 2011-2012**



## **Skýrsla umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2011-2012**

**Lögð fram á umdæmisþingi á Ísafirði, 15. september 2012**

### ***Alþjóðaforsetinn og einkunnarorð ársins:***

Alþjóðaforseti Rótaryhreyfingarinnar á starfsárinu 2011-2012 var Kalyan Banerjee frá Indlandi. Hann valdi sem einkunnarorð starfsársins „Reach within to embrace humanity”. Við kusum að setja einkunnarorðin fram á íslensku sem „Hlýddu rödd hjarta þíns”. Skilaboðin voru skýr um að koma því í verk sem góður hugur segir okkur að gera. Meginatriðið er að starfið í Rótaryklúbbunum sé uppbyggilegt og skemmtilegt. Við þurfum að hafa sýn á það gagnlega og ánægjulega sem hægt er að gera saman í Rótary og vilja til að koma því í verk.

Sagt er að margar hendur vinni létt verk. Það á svo sannarlega við í Rótary á Íslandi þar sem félagarnir, stjórnir klúbbanna, nefndir og skrifstofustjóri umdæmisins, aðstoðar-umdæmisstjórar og umdæmisráð leggja krafta sína saman.

### ***Umdæmisráð***

Eftirfarandi einstaklingar sátu í umdæmisráði árið 2011-2012:

Tryggvi Pálsson, Rkl. Reykjavík-Austurbær, umdæmisstjóri 2011-2012  
Kristján Haraldsson, Rkl. Ísafjarðar, viðtakandi umdæmisstjóri 2012-2013  
Björn B. Jónsson, Rkl. Selfoss, tilnefndur umdæmisstjóri 2013-2014  
Margrét Friðriksdóttir, Rkl. Borgum, Kópavogi, umdæmisstjóri 2010-2011  
Sveinn H. Skúlason, Rkl. Reykjavík-Breiðholt, umdæmisstjóri 2009-2010  
Ellen Ingvadóttir, Rkl. Reykjavík-Miðborg, umdæmisstjóri 2008-2009  
Pétur Bjarnason, Rkl. Sauðárkróks, umdæmisstjóri 2007-2008

Skrifstofustjóri umdæmisins, Margrét Sigurjónsdóttir, sat fundi ráðsins og ritaði fundargerðir.

Umdæmisráð hélt 5 reglulega fundi á tímabilinu en jafnframt ber að geta þess að ráðsmenn voru í síma- og netsambandi milli funda eftir þörfum. Aðstoðarumdæmisstjórar sátu tvo fundi umdæmisráðs og formenn nefnda komu til fundanna þegar dagskráin gaf tilefni til þess.

### ***Framkvæmdaráð***

Í framkvæmdaráði umdæmisins sitja umdæmisstjóri, viðtakandi umdæmisstjóri og fráfarandi umdæmisstjóri auk þess sem gert er ráð fyrir að ráðið kalli til fundar einstaka formenn nefnda umdæmis eftir verkefnum hverju sinni. Framkvæmdaráðið fundaði tvisvar á starfsárinu.

### ***Aðstoðarumdæmisstjórar***

Eftirtaldir Rótaryfélagar gegndu embætti aðstoðarumdæmisstjóra á tímabilinu:

Guðni Gíslason, Rkl. Hafnarfjarðar  
Karl Skírnisson, Rkl. Borgum, Kópavogi  
Sigríður Munda Jónsdóttir, Rkl. Ólafsfjarðar

Aðstoðarumdæmisstjórar skipta klúbbunum á milli sín, leitast við að mæta á fundi þeirra og eru til taks ef vandamál koma upp. Þeir eru umdæmisstjóra til ráðgjafar og unnu sérstakt verkefni að hans beiðni á starfsárinu. Það fólst í að taka saman yfirlit um starfsemi félagsmálahreyfinga á Íslandi og draga fram stöðu Rótarý í því samhengi. Það sem einkum aðgreinir okkur í Rótarý er áhersla okkar á að félagar okkar séu leiðandi fólk í sem flestum starfgreinum samfélagsins.

### ***Umdæmisleiðbeinandi***

Umdæmisleiðbeinandi var Margrét Friðriksdóttir, Rkl. Borgum Kópavogi, og fyrrverandi umdæmisstjóri (2010-2011). Umdæmisleiðbeinandi hefur yfirumsjón með þjálfun og fræðslu viðtakandi embættismanna, flytur fræðsluerindi í klúbbunum, ásamt því að undirbúa og stjórna fræðslumóti fyrir verðandi embættismenn klúbbanna. Það er samdóma álit allra þeirra sem sótt hafa fræðslumótin síðustu ár sem haldin hafa verið í Menntaskólanum í Kópavogi að þau hafi tekist afar vel og stöndum við í mikilli þakkarskuld við Margréti.

### ***Skrifstofa umdæmisins***

Skrifstofustjóri umdæmisins er Margrét Sigurjónsdóttir. Skrifstofan er opin á milli kl. 10:00 og 12:00 alla daga vikunnar. Á starfsárinu voru vinnuáætlaðar bættar á skrifstofunni með endurnýjun á tölvu og framhaldi á þeirri tiltekt sem hófst árið áður. Nefndir umdæmisins nýta skrifstofuna í auknu mæli fyrir fundi sína og er ánægjulegt þegar rótarýfélagar nýta sér þá aðstoð sem unnt er að veita á skrifstofunni, ekki síst embættismenn klúbbanna.

### ***Undirnefndir umdæmisins***

Skýrslur margra umdæmisnefnda og -stjórna fylgja ársskýrslu þessari en þær fjalla um verkefni og almenna starfsemi þeirra á umdæmisárinu. Mismikil verkefni eru hjá hinum ýmsu nefndum og það breytilegt milli ára.

Haldinn var sérstakur fundur umdæmisstjóra með formönnum nefnda og sjóða umdæmisins ásamt öðrum embættismönnum þess á 2. febrúar sl. Mikil stemmning var á fundinum og til marks um það er að 100% mæting var. Hver þátttakandi hélt 3ja mínútna erindi um verkefni sem unnið er að og hvað ætlunin var að klára fyrir lok starfsársins. Umdæmisstjóri vill þakka öllum félögum í nefndum og sjóðum fyrir mikið og gott starf á árinu.

### ***Sjóðir umdæmisins – skipulagsskrár***

Rótarýumdæmið á Íslandi er með tvo sjóði á sínum vegum, þ.e. Tónlistarsjóð Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 4. júní 2003 og Verðlauna- og styrktarsjóð Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 1. júlí 2007. Á starfsárinu fór fram endurskoðun á skipulagsskrám sjóðanna en Guðmundur Björnsson, Rkl. Keflavíkur og umdæmisstjóri 2006-2007, vann að því verkefni ásamt umdæmisstjóra og formönnum nefndanna. Breytingarnar voru staðfestar á umdæmisþinginu 15. október 2011.

### ***Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi – Stórtónleikar***

Tilgangur Tónlistarsjóðs Rótarý á Íslandi er að veita ungu tónlistarfólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms. Fyrst var veitt úr sjóðnum árið 2005 í tilefni af 100 ára afmæli Rótarýhreyfingarinnar. Síðan hefur árlega verið veitt fé úr sjóðnum eða alls átta sinnum, en ellefu einstaklingar hafa hlotið styrk.

Stórtónleikar Rótarý 2012 fóru fram föstudagskvöldið 6. janúar sl. í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, og var það í 16. sinn sem þessi árvissi viðburður hreyfingarinnar er haldinn. Tónlistarfólkinu sem fram kom á tónleikunum var frábærlega vel tekið og ríkti mikil hátíðarstemmning. Á Jónas Ingimundarson mikið lof skilið fyrir undirbúning og framkomu á tónleikunum nú sem fyrr. Framkvæmdastjóri var Erlendur Hjaltason, Rkl. Reykjavík Austurbær, og var hans framgangi í alla staði til fyrirmyndar.

Styrkþegar að þessu sinni voru Andri Björn Róbertsson bassabaráttón og Hulda Jónsdóttir fiðluleikari sem hlutu heiðursskjöl og 750 þús. kr. hvort. Kristján Jóhannsson tenór söng við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Kynnir á tónleikunum og upplesari ljóða var Sigurður Pálsson skáld, Rkl. Reykjavíkur. Átti hann góðan þátt í að skapa þau hughrif sem einkenndu kvöldið.

Framkvæmd Stórtónleika Rótarý er á ábyrgð heimaklúbbs umdæmisstjóra en um hina listrænu hlið sér stjórn Tónlistarsjóðsins, sem Ólafur Egilsson, Rkl. Seltjarnarness, hefur veitt farsæla forystu. Það verður afar spennandi að sjá hvernig Rkl. Ísafjarðar ákveður að haga tónleikahaldinu. Á margan hátt er tímabært að endurmóta Stórtónleikana og klúbburinn hefur allar forsendur til að gera það með eftirminnanlegum hætti í ljósi þeirrar tónlistarhefðar sem ríkir á Ísafirði.

### ***Verðlauna- og styrktarsjóður Rótarý á Íslandi***

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi eða nýstárlegt framtak, sem unnið er í umdæminu á sviði mennta, lista, vísinda eða atvinnumála, og að styðja samfélagsverkefni hérlendis eða erlendis, m.a. í samstarfi við önnur rótarýumdæmi og/eða Rotary International. Verðlauna- og styrktarsjóður Rótarý á Íslandi var stofnaður 9. júní 2007 með sameiningu tveggja sjóða þ.e. Starfsgreinasjóðs umdæmisins sem stofnaður var í tilefni af 50 ára afmælis umdæmisins 13. september 1984 og Styrktarsjóðs Rótarý á Íslandi sem stofnaður var 2003. Stofnféð var 12.000.000 kr. Aðeins ein viðurkenning hefur verið veitt úr Verðlauna- og styrktarsjóði Rótarý á Íslandi frá stofnun hans en það var til Populus tremula menningarsmiðjunnar á Akureyri í júní 2008. Skýring þess að ekki var veitt úr sjóðnum á starfsárinu né sl. fjögur starfsár er að umtalsvert fé tapaðist við bankahrunið en sjóðurinn var í vörslu Landsbanka Íslands.

Umdæmisstjóri fundaði með Einari Þorbjörnssyni, formanni sjóðsstjórnar, og Ólafi Nilssyni, formanni fjárhagsráðs, en þeir tveir eru félagar í Rkl. Görðum. Tilgangurinn var að finna lausnir á fjárhagsstöðunni svo unnt væri að virkja sjóðinn að nýju. Ólafur kom með tillögu sem samþykkt var á fundi umdæmisráðs 28. febrúar sl. Umdæmissjóður leggur Verðlauna- og styrktarsjóði til framlag af eigin fé sínu að fjárhæð 5.000.000 kr. á starfsárinu 2011 til 2012 sem greiðist þannig að 1.500.000 kr. voru millifærðar eftir samþykktina en síðan 1.000.000 kr. árlega á næstu þremur starfsárum á eftir og 500.000 kr. síðasta árið. Ógreiddur hluti framlagsins á hverjum tíma er verðtryggður og ber vexti. Með þessu móti uppfyllir sjóðurinn þegar skilyrði um lágmarkseign skv. skipulagsskrá og verður sú eign verðtryggð og tryggilega varðveitt. Það þýðir að strax á þessu starfsári geta úthlutanir hafist með þeim stuðningi sem í þeim felst og vegsaka og opinberri kynningu fyrir Rótarýhreyfinguna.

### ***Tölvumál umdæmisins***

Heimasíða umdæmisins [rotary.is](http://rotary.is) og þar með heimasíður klúbbanna er okkar helsti fréttamiðill og skráningartæki. Á hverju fræðslumóti er viðtakandi riturum og forsetum kennt á heimasíðuna og félagakerfið sérstaklega. Ritnefnd umdæmisins vann ötullega að því á starfsárinu að kynna heimasíðuna fyrir klúbbunum. Mikilvægt er að klúbbarnir tilnefni vefstjóra og heppilegast er að þeir starfi sem slíkir í nokkur ár. Þá vann Vefnefnd umdæmisins að áframhaldandi þróun á síðunni. Í heimsóknum umdæmisstjóra til klúbbanna kom skýrt fram vilji þeirra til að gera heimasíðuna að enn öflugra verkfæri. Til þess að svo megi verða var fjárhagsáætlun umdæmisins breytt á þann veg að framlag starfsársins var hækkað uppí tvær milljónir króna. Það er að skila sér í auknu notagildi og minni pírringi.

Jafnframt hefur Rótarýumdæmið á Íslandi haldið úti Facebook síðunni [www.facebook.com/rotary.island](http://www.facebook.com/rotary.island) og á Guðni Gíslason, Rkl. Hafnarfjarðar, heiður skilinn fyrir

það framtak. Rótarýfélagar, skiptinemar og aðrir sem tengjast Rótarý eru hvattir til að tengja sig þeirri síðu með því að smella á „Líkar við“.

### ***Æskulýðsnefnd og ungmennaskipti***

Æskulýðsnefnd vann ötullega að undirbúningi og móttöku ungmenna sem koma til námsdvalar á Íslandi, sem og undirbúningi íslenskra ungmenna sem fara utan í sama tilgangi. Starf nefndarinnar er afar annasamt og vandasamt þar sem ungmenni eiga í hlut og mikil ábyrg hvílir á öllum sem að verkefninu koma. Einn áhrifamesti þáttur alþjóðþjónustu Rótarýhreyfingarinnar eru nemendaskiptin sem standa til boða afkomendum rótarýfélaga jafnt sem öðrum. Skiptinemar þurfa að vera á aldrinum 16-18 ára og dveljast þeir eitt skólaár í gestgjafalandinu á heimilum rótarýmannna eða á öðrum heimilum sem rótarýmenn velja. Ætlast er til að skiptin séu gagnkvæm þannig að þeir klúðbar sem senda nemendur utan taki á móti nemum í staðinn.

Fjögur íslensk ungmenni fóru utan sem skiptinemar í ágústmánuði 2011 og sex skiptinemar komu til Íslands á haustdögum. Þá eru fimm ungmenni komin til landsins til dvalar á yfirstandandi starfsári og fimm íslensk ungmenni fór utan í haust.

Æskulýðsnefnd umdæmisins berast árlega allmörg boð um þátttöku í sumarþúðum erlendis eða stuttum ferðum sem skipulagðar eru af rótarýklúbbum víða um heim. Sumarið 2011 fóru átta íslensk ungmenni í sumarþúðir á vegum íslenskra rótarýklúbba og sl. sumar fóru sjö ungmenni. Oftast eru um tveggja vikna dvöl að ræða og greiða þátttakendur fyrir fargjald á staðinn. Sumarið 2012 fóru tvö ungmenni í „Family to Family Program” á vegum Rótarý, en það eru gagnkvæm skipti þar sem ungmenni fer sumarlangt í heimsókn til ungmennis á sama aldri.

EEMA-þing er haldið árlega en þar koma saman leiðtogar æskulýðsstarfs innan Rótarýhreyfingarinnar í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Suður Ameríku. Þingið fór fram í Suncity fyrir utan Jóhannesarborg í Suður Afríku í september 2011 og sóttu það Hanna María Siggeirsdóttir, formaður Æskulýðsnefndar, Rkl. Reykjavík-Miðborg og Klara Lís Hervaldsdóttir, Rkl. Görðum. Um 300 rótarýfélagar sem vinna að æskulýðsmálum frá 35 löndum sóttu þingið. Þingið verður næst haldið í september nk. í Búdapest í Ungverjalandi og munu Hanna María og Klara Lís sækja það.

### ***Starfshópaskipti***

Starfshópaskipti (e. Group Study Exchange, GSE) voru við umdæmi 9780 í Ástralíu. GSE hópurinn frá Ástralíu kom 23. september 2011, sat umdæmisþingið 15. október í Reykjavík og dvaldi hér til 22. október. Leitað var til 12 Rótarýklúbba, það er Rótarýklúbbs Keflavíkur, Seltjarnarness, Rangæinga, Vestmannaeyja, Selfoss, Árbæjar, Egilsstaði, Neskaupsstaðar, Breiðholts, Ísafjarðar, Kópavogs og Borga, Kópavogi sem tóku á móti hópnum. Ferðin stóð yfir í 4 vikur og gist var hjá félögum 11 klúbba. Afar vel tókst til við að fræða og skemmta gestum okkar. Þátttakendur sögðu eftir á að þeim kæmi vel hversu fjölbreyttri starfsemi þau fengu að kynnst hér. Náttúran væri einnig svo ólík og sérstaklega undruðust þau snjóalögin á Ísafirði.

Undirbúningur og þjálfun GSE hópsins sem fór frá Íslandi hófst í september 2011. Ólafur Helgi Kjartansson, félagi í Rótarýklúbbi Selfoss og formaður Rótarýsjóðsnefndar, var valinn fararstjóri eftir að unnið var úr nokkrum umsóknum um starfið. Hann stóð að undirbúningi ferðarinnar ásamt formanni GSE nefndarinnar. Hópurinn hittist nokkrum sinnum í 4 – 6 klst. í senn og skipulagði kynningar til flutnings á Rótarýfundum hér heima og í Ástralíu. Áður en ferðin var farin heimsóttu þau nokkra Rótarýklúbba hérlendis og einnig að ferð lokinni. Þau sátu umdæmisþing Rótarý á Íslandi 2011 og í Ástralíu 2012.

Hópurinn skipaðu Guðrún Guðmundsdóttir, forstöðumaður og þroskaþjálfari í Kópavogi, sem kom inn í hópurinn í janúar 2012 í forföllum fyrir Maríu Haraldsdóttur ljósmóður og hjúkrunarfræðing í Hafnarfirði, Margrét Bettý Jónsdóttir, kennari Hafnarfirði, Sigurður Hannes Magnússon, fasteignasali og kennari Egilsstöðum og Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögregluábyrggjafi í Reykjavík. Ferðin hófst 1. mars 2012 og hópurinn kom heim 30. mars. Hópurinn hélt úti færslum á Facebookinu þar sem hægt var að fylgjast með ferðinni.

GSE nefndin undir formennsku Birnu Bjarnadóttur, Rkl. Borgum Kópavogi, hefur unnið frábært starf og gert starfshópaskiptin að spennandi kosti fyrir ungt fólk í atvinnulífinu en fleiri umsóknir bárust nú en áður. Þá hafa klúbbarnir tekið vel í málaleitan nefndarinnar um samstarf svo móttaka megi vera sem best.

### ***Náms- og friðarstyrksnefnd***

Frá árinu 2001 hefur starfsemi Námsstyrkjanefndar einkum falið í að velja íslenska umsækjendur til að sækja um Friðarstyrki Rótarýsjóðsins. Þetta eru sérstakir tveggja ára meistaranámsstyrkir, bundnir sex virtum háskólum í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan og Ástralíu sem bjóða upp á sérsniðnar námsbrautir sem falla vel að friðarhugsjón Rótarýhreyfingarinnar. Nefndin lýtur formennsku Guðmundar G. Haraldssonar, prófessors og félaga í Rkl. Reykjavíkur.

Friðarstyrk Rótarý var úthlutað í ellefta skipti á haustdögum 2011 og var það í fyrsta skipti sem umsækjandi okkar umdæmis um Friðarstyrk Rótarý (e. Rotary World Peace Fellow) fékk ekki styrkinn. Reglur um þessa styrki kveða á um að einungis einn umsækjandi geti komið frá hverju umdæmi en allt að 60 styrkir eru veittir á ári. Tíu fyrstu árin fékk okkar umsækjandi, sem alltaf var stúlka, styrk sem er einstakur árangur. Ísland er eina landið í rótarýfjölskyldunni sem hefur náð slíkum árangri.

Hér á Íslandi hafa Friðarstyrkirnir verið rækilega auglýstir í febrúar-mars á hverju ári. Auglýsingar hafa verið sendar út í klúbbana, birtar í fréttabréfum umdæmisstjóra, í dagblöðum og verið sendar til háskóla, hjálparstofnana og ráðuneyta. Námsstyrkjanefnd hefur gengið frá vali á hæfasta einstaklingnum úr hópi umsækjenda sem boðið var að sækja um Friðarstyrk 2013. Umsóknin fór frá nefndinni í endaðan júní sl., en í árslok 2012 kemur í ljós hvort viðkomandi hlýtur styrk.

Rótarýsjóðurinn veitir einnig eins árs styrki til háskólanáms (Ambassadorial Scholarships) og höfðu um 40 íslenskir námsmenn hlotið slíka styrki þegar úthlutunarreglum sjóðsins var breytt um 1992 þannig að styrkveitingar eru nú háðar framlögum umdæma í Rótarýsjóðinn. Íslenska umdæmið hefur því flutt áhersluna frá almennum námsstyrkjum yfir á hjálparstarf og hafa almennu námsstyrkirnir ekki verið veittir íslensku námsfólki frá 1997. Á starfsárinu tók umdæmisstjóri á mót Michele L. Watley sem er bandarískur Ambassadorial Scholar og stundar laganám í Hollandi. Hún heimsótti nokkra klúbba hérlendis, hélt erindi og tók þátt í kynningarfundum sem Rkl. Reykjavík International hélt 14. mars sl.

### ***Rótarýsjóðurinn – Pólío Plús nefndin***

Eitt af þremur áherslumálum umdæmisstjóra á starfsárinu var kröftugur endaspættur í Pólío Plús verkefninu við að útrýma lómunarveikinni. Íslenska Rótarýhreyfingin tók virkan þátt í baráttunni og lagði samtals 5,4 millj. króna til verkefnisins á starfsárinu.

Alls 19 rótarýklúbbar ásamt umdæminu gáfu samtals USD 47.038 til Rótarýsjóðsins á starfsárinu. Það er 53% hærra upphæð en árið áður. Af þessari upphæð fóru USD 43.656 í Pólío Plús og USD 3.382 í Annual Fund. Umdæmið lagði auk þess fram hluta af afmörkuðum sjóði sínum (e. District Designated Fund) USD 10.000 í Pólío Plús. Heildarframlag frá umdæmi okkar er nú komið upp í USD 990.366 og án efa tekst á næsta starfsári að ná eins

milljón dollara markinu.

Á starfsárinu náðist það markmið alþjóðasamtaka Rótary að safna 200 milljónum Bandaríkadala til lokaáfangna herferðarinnar gegn lómunarveiki í heiminum. Það var ein af forsendum þess að Microsoft-hjónin Bill og Belinda Gates legðu fram USD 355 milljónir til verkefnisins. Þegar ljóst varð á starfsárinu að þetta takmark næðist ákváðu Bill og Belinda Gates að leggja fram 50 milljónir dala í viðbót án skilyrða um viðbótar framlag frá Rótaryhreyfingunni. Þegar Rótaryhreyfingin hóf baráttuna gegn lómunarveiki árið 1985 lömuðust eða létust um 1000 börn á dag af völdum lómunarveikinnar sem var landlæg í 125 löndum. Í febrúar sl. var lýst yfir að lómunarveiki væri ekki lengur landlæg í Indlandi. Það er meiriháttar afrek en Pakistan, Afganistan og Nígería eru enn í þeim flokki. Aðeins 67 tilfelli höfðu komið upp þegar starfsárinu lauk. Ljóst er að baráttan við lómunarveikina mun halda áfram með stuðningi Rótary enda þótt Pólíó Plús verkefnið sé að baki.

Pólíó Plús nefndin hóf undirbúning starfsársins snemma og fór nýjar leiðir í átaki sínu. Unnið var að markmiði umdæmisstjóra með því að hvetja forseta og stjórnir klúbbanna til að leggja til átaksins kr. 10.500 fyrir hvern félag (USD 100). Hvatningarbéf var sent til hvers klúbbs í júní og aftur í október 2011. Var klúbbunum boðið að nefndarmenn kæmu í heimsókn og hvettu klúbbfélaga til að leggja sitt að mörkum til átaksins, auk þess var bent á myndefni og annað sem gæti nýst til árangurs við fjáröflun. Nefndarmenn hringdu síðan í alla forseta í aprílmánuði 2012, fóru yfir stöðu átaksins, loford í starfsáætlun og hvað hver klúbbur hefði lagt að mörkum.

Staðið var fyrir þátttöku íslensku Rótaryhreyfingarinnar í áheitasöfnun Reykjavíkur maraþons 20. ágúst 2011. Var hreyfingin með kynningarbás á skráningarhátíð hlaupsins í Laugardalshöll 18. ágúst. Markmið með þátttöku var að vekja athygli á Rótaryhreyfingunni og því góða starfi sem hún hefur unnið í baráttunni við lómunarveikina í heiminum. Tókst þetta verkefni ágætlega og söfnuðust alls 393 þúsund krónur í tengslum við átakið.

Laugardaginn 23. júní 2012 fagnaði síðan íslenska Rótaryhreyfingin góðum árangri í baráttunni gegn lómunarveiki í heiminum með Esjugöngu þar sem ofurmennið Gunnlaugur Júlíusson fór tíu ferðir upp Esjuna. Í tilefni af lokaátakinu buðu Rótaryfélagar öllum að ganga með sér og Gunnlaugi eina ferð, tvær, þrjár eða tíu, allt eftir getu hvers og eins. Viðburðurinn var skiplagður í góðu samstarfi við Ferðafélag Íslands og boðið var upp á hressingu í sérstöku tjaldi við Esjurætur í samstarfi við Mjólkursamsöluna. Einnig var tekið á móti frjálsum framlögum og áheitum. Kynning á verkefninu miðaðist við að koma viðburðinum á framfæri í fjölmiðlum með fréttatikynningum og viðtölum. Dagurinn tókst með ágætum og fjölmenntu m.a. félagar úr Rkl. Akraness á staðinn. Einnig komu fleiri góðir félagar í heimsókn, þar á meðal umdæmisstjóri og verðandi umdæmisstjóri ásamt mökum og vinaskiptahópurinn frá Suður Afríku.

### ***Klúbbheimsóknir umdæmisstjóra***

Meðal ánægjulegustu starfa umdæmisstjóra er heimsókn til allra klúbbanna. Í heimsókninni til Rótaryklúbbs Reykjavíkur gerði séra Hjálmar Jónsson grein fyrir fundarsókn sem ritari klúbbsins. Hann nefndi mætingarþrosentuna en bætti svo við:

„Ágæt mæting er hér nú  
og allur matur bættur.  
Ástæðan er eflaust sú  
að umdæmisstjóri er mættur.“

Tilgangur heimsóknanna er að styrkja tengslin á milli yfirstjórnar umdæmisins og klúbbanna, koma áherslumálum til skila og sinna vissu gæðaeftirliti til hagsbótar fyrir félagana.

Klúbbheimsóknaráætlun ársins var lögð fram á fræðslumótinu 2011 en hún var jafnframt send til forseta klúbbanna í tölvupósti. Jafnframt voru þeir beðnir um að koma með drög að starfsáætlunum sínum á fræðslumótið í mars og ljúka gerð þeirra fyrir upphaf starfsársins.

Það eru forréttindi að fá að heimsækja alla rótarýklúbba á landinu og kynnast því skemmtilega fólki og öflugra starfi sem þar fer fram. Allir klúbbarnir eiga sér sínar hefðir og siði og það gerir heimsókn í hvern klúbb sérstaka. Halda ber í góðar hefðir en um leið leitast stöðugt við að þróa klúbbstarfið í takt við nýja tíma. Leiðarstef kynningar umdæmisstjóra var „*Nýttum tímann til góðs*“. Lögð var áhersla á að starfið í klúbbunum sé uppbyggilegt og skemmtilegt. Við þurfum að hafa sýn á það gagnlega og ánægjulega sem hægt er að gera saman í Rótarý og vilja til að koma því í verk.

Heimsóknirnar hófust 6. september í Rkl. Mosfellsbæjar og lauk 24. nóvember með heimsókn í heimaklúbb umdæmisstjóra Rkl. Reykjavík Austurbær. Heimsóknirnar voru ákaflega gefandi fyrir okkur hjónin og gaf það aukið gildi að eiginkona mín, Rannveig Gunnarsdóttir, er félagi í Rkl. Reykjavík Miðborg. Við hittum fjölmarga rótarýfélaga og áttum með þeim góðar samverustundir. Við hjónin þökkum kærlega fyrir okkur og óskum klúbbunum allra heilla í starfi þeirra.

### ***Rótarýblaðið***

Rótarýblaðið gegnir þeim tilgangi að vekja athygli á starfi hreyfingarinnar en um leið fæst með sölu auglýsinga fjárhagslegur stuðningur sem greiðir hluta af kostnaði við umdæmisþingið. Þema blaðsins og þingsins var leiðarstef starfsársins "Mannúð í verki". Blaðið var sent til allra félaga og auk þess dreift m.a. á heilbrigðisstofnanir og biðstofur lækna til að tryggja lestur til margra ára. Blaðið var veglegt og efnismikið og sá Rkl. Reykjavík Austurbær um útgáfuna. Hvíldi sú vinna einkum á Ástu Bjarnadóttur sem ritstjóra og Benedikt Olgeirssyni sem stýrði fjáröflun blaðsins.

### ***Umdæmisþingið – Mannúð í verki***

66. umdæmisþing Rótarý var haldið í Reykjavík 14. og 15. október sl. Rótarýklúbbur umdæmisstjóra, Rkl. Reykjavík Austurbær, annaðist allan undirbúning, skipulag og framkvæmd. Er öllum félögum klúbbsins þakkað innilega fyrir einstaka vel unnið verk.

Þema þingsins var „*Mannúð í verki*“ sem endurspeglar einkunnarorð starfsársins. Á þriðja hundrað rótarýfélagar og gestir sóttu umdæmisþingið og lýstu þeir yfir mikilli ánægju sinni með umgjörð þingsins og skemmtilega og vandaða dagskrá. Erlendir gestir á umdæmisþinginu voru þau Kenneth R. og Susan Boyd, sem fulltrúar alheimsforseta Rotary International, og Ingrid Grandum Berget og Per Magne frá Langesund í Noregi, sem voru fulltrúar norrænu umdæmanna. Erlendu fulltrúarnir ávörpuðu þingið við setningu þess og fluttu okkur kveðjur. Ellen Ingvadóttir, Rkl. Reykjavík Miðborg og frv. umdæmisstjóri, þýddi það sem fram fór fyrir gestina og Guðni Gíslason, Rkl. Hafnarfjarðar og aðstoðarumdæmisstjóri, flutti fréttir af umdæmisþinginu nánast í rauntíma á vefnum. Hátíðarkvöldverður var í Hörpunni sem var í senn glæsilegur og skemmtilegur.

Umdæmisþingið hefur þrjúþættan tilgang. Þingið er að hluta til aðalfundur umdæmisins þar sem skýrsla og reikningar liðins starfsárs eru afgreiddir ásamt m.a. tillögum að fjárhagsáætlun og lagabreytingum. Í annan stað fæst með þinginu nauðsynleg tenging við hið alþjóðlega Rótarýstarf sem auðgar tengslanet og félagslíf okkar hérlendis. Síðast en ekki síst er þingið hvatning til öflugra Rótarýstarfs með áhugaverðum kynningum, umræðu og skemmtilegri samveru.



### ***Heimsókn á umdæmisþing í Noregi***

Umdæmisstjóri ásamt maka sátu þing í umdæmi 2290 í Langesund dagana 2.-4. september 2011. Umdæmisstjóri þar var Ingrid Grandum Berget en hún og maður hennar Per Magne sátu þing okkar í Reykjavík 14. og 15. október 2011. Þema þingsins í Langesund var „Etikk“ og fjallað var um siðvendni. Margt áhugavert og skemmtilegt kom fram. Það var ánægjulegt að fá tækifæri til að ávarpa og sitja umdæmisþingið fyrir hönd norrænu umdæmanna.

### ***Fulltrúi Rótarýumdæmisins á Íslandi á löggjafarþing RI árið 2013***

Löggjafarþing Rótarýhreyfingarinnar kemur saman á þriggja ára fresti til að endurskoða lög hreyfingarinnar. Hvert umdæmi á einn fulltrúa í löggjafarráðinu og verður Guðmundur Björnsson, Rkl. Keflavíkur og fv. umdæmisstjóri, fulltrúi íslenska umdæmisins á þinginu 2013. Hann mun þar m.a. fylgja fram þeirri tillögu sem samþykkt var á síðasta umdæmisþingi og lýtur að lækkun árgjalds fyrir eftirlaunaþega og ungt fólk. Við vitum að kostnaður er ein af ástæðum þess að erfiðlega gengur að ná í yngra fólk og að eftirlaunaþegar hætta jafnvel fyrr en ella af sömu ástæðu.

### ***Rotary Norden***

Samkvæmt starfsreglum Rótarýhreyfingarinnar eiga allir rótarýklúbbar að kaupa áskrift að a.m.k. einu rótarýblaði en 31 rótarýblað á 25 tungumálum eru gefin út í heiminum í dag. Samstarf Norðurlandanna í útgáfu eins blaðs fyrir fimm lönd verkur heimsathygli en blaðið kom fyrst út árið 1936. Rotary Norden kemur út 7 sinnum á ári í 70.000 eintökum í hvert sinn. Markús Örn Antonsson, félagi í Rkl. Reykjavík-Breiðholt, situr fyrir okkar hönd í ritstjórn blaðsins og hefur verið iðinn við að flytja góðar fréttir af starfinu í umdæminu og birta greinar og viðtöl.

### ***Michael Lubangakene***

Árið var ekki án vonbrigða og sorgar. Svohljóðandi skeyti barst umdæmisstjóra 24. maí sl.:

“Ég heiti Hildigunnur og er starfsnemi fyrir UNICEF Uganda í sumar. Ég er að aðstoða við verkefni sem heitir U-report sem nýtir útbreidda farsímanotkun hér í landi til þess að safna gögnum, t.d. um stöðu heilbrigðisstofnana úti á landi, og koma út skilaboðum, t.d. hvenær ókeypis bólusetning verður í boði í hverju umdæmi. Þegar teymið var að fara í gegnum gögnin þá kom upp óvanaleg staða. Við fengum skilaboð frá ungri, fátækri móður sem á 6 mánaða gamalt hjartaveikt barn. Hún er búin að leita til ýmissa hjálparstofnana en enginn hefur getað hjálpað henni. Við vitum að það er Rotary Klúbbur á Indlandi sem hefur fjármagnað hjartaaðgerðir á Indlandi fyrir hjartaveik börn í Afríku. Ég hef nú þegar skrifað Rotary Club of Chandigarh (District 3080), en leita nú til ykkar til að athuga hvort að þið getið þrýst á þann klúbb að aðstoða þessa móður.”

Umdæmisstjóri hafði strax samband við Neenu Singh sem er forseti indverska klúbbsins og tók hún beiðninni vel. Klúbbur hennar tók ákvörðun um að kosta hjartaaðgerð litla Michaels á virtum indverskum spítala og Rkl. Reykjavík Austurbær samþykkti sömuleiðis að greiða fargjald og upphald móður og sonar. Allt var frágengið á innan við mánuði. Bregðast þurfti skjótt við því án aðgerðar var honum ekki hugað líf. Micheal litli fór í hjartauppskurðinn föstudaginn 27. júlí. Daginn eftir virtist hann vera að ná sér en mánudaginn eftir fengum við þær sorgarfréttir að Michael, sonur Pamellu Adong frá Uganda, væri látinn. Allir sem liðsinntu Pamellu voru harmi slegnir.

### ***Vinahópaskipti við Suður Afríku***

Fimm félagar frá Rótarýklúbbi Paarl í Suður Afríku voru hérlendis ásamt mökum sínum 18. - 29. júní sl. og nutu samvista og gestrisni Rótarýklúbba Hafnarfjarðar, Borga í Kópavogi, Reykjavíkur, Reykjavíkur-Austurbæjar, Seltjarnarness, Selfoss og Vestmannaeyja. Í hópnum var Róbert Melax sem búsett eru í Paarl og er hann félagi í klúbbum. Gist var hjá

rótarýfélögum og var ferðin sambland af skoðunarferðum og heimsóknnum til rótarýfélaga og Rótarýklúbba. Í undirbúningi er að endurgjalda heimsóknina með för til Suður Afríku í mars nk.

Rótarýhreyfingin vinnur framúrskarandi starf við að koma á námsmanna- og starfshópaskiptum. Klúbbar í umdæmi okkar hafa tekið þátt í því starfi af krafti en eins og kunnugt er mega rótarýfélagar og nákomnir ekki vera þátttakendur í slíkum skiptum. Vinahópaskiptin (e. Friendship Exchange) eru á hinn bóginn hugsuð fyrir rótarýfélaga. Þau auðga þá möguleika sem við höfum til gagnkvæmra kynna.

### ***Golfmót***

Golfmót Rótarýumdæmisins var að þessu sinni í umsjá Rótarýklúbbs Seltjarnarness og var mótið haldið fimmtudaginn 28. júní sl. Rótarýmótið sem haldið var á Húsatóftavelli við Grindavík tókst með ágætum. Þátttaka varð svipuð og undanfarin ár eða um 40 manns, þegar taldir eru bæði Rótarýfélagar og makar. Þátttakan er þó bundin við fáa klúbba, en Keflvíkingar og Hafnfirðingar hafa verið duglegastir að sækja mótið frá upphafi. Rkl. Borgir Kópavogi kom þó sterkur inn að þessu sinni m.a. vegna þess að klúbburinn var með stjórnarskiptafund í Bláalóninu um kvöldið. Tækifæri er fyrir Rótarýhreyfinguna að gera þetta mót að stærrri viðburði og að safna fé til góðra verka í leiðinni. Lagðar voru um 15-20 þús. kr. í Rótarýsjóðinn að þessu sinni.

Golfið nýtur sívaxandi vinsælda og skipuleggja einstakir klúbbar jafnframt mót hjá sér, sbr. árlegt golfmót Rótarýklúbbs Sauðárkróks sem haldið var á Hlíðarendavelli við Sauðárkrók fimmtudaginn 21. júní.

### ***Nýr umdæmisstjóri***

Valnefnd umdæmisins, sem Ellen Ingvadóttir veitir forystu, kynnti í byrjun árs 2012 tillögu sína um umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2014-2015. Að undangengnu fyrirskipuðu ferli var niðurstaða nefndarinnar sú að mæla með Guðbjörgu Alfreðsdóttur, lyfjafræðingi og frv. forseta Rkl. Görðum. Tilnefningin var samkvæmt venju send öllum klúbbum til umsagnar í framhaldi af erindi valnefndar. Guðbjörg féllst á tilnefninguna og verður hún formlega kynnt á umdæmisþinginu á Ísafirði.

### ***eRótarý Ísland - útbreiðslumál***

Útbreiðslumálin eru og hafa verið meðal stóru verkefna umdæmisins enda leggur Rotary International áherslu á endurnýjun og stækkun hreyfingarinnar á alþjóðavísu. Á starfsárinu fjölgaði íslensku klúbbum um einn við stofnun eRótarý Ísland (formlegt heiti er *Rotary E-club of Iceland*). Nýi klúbburinn, sem gjarnan er vísað til sem netklúbbs, öðlaðist fullgildinguna á sérstakri hátíð sem var haldin þann 26. júní sl. Fjöldmenni var á fundinum á Grand hótelinu í Reykjavík og meðal góðra gesta voru fulltrúar móðurklúbbanna þriggja, Rkl. Reykjavík Grafarvogur, Rkl. Reykjavík Miðborg og Rkl. Reykjavík Árbær. Fjöldi stofnfélaga eRótarý Ísland er 26 og eru þau öll á aldrinum 30-40 ára. Fyrsti forseti klúbbsins er Agnes Gunnarsdóttir. Móðurklúbbarnir þrír færðu klúbbnum góðar gjafir, þ.e. fundarbjöllu, peningagjöf og forsetakeðju. Stofnun hins nýja klúbbs er merkur áfangi í sögu Rótarý á Íslandi. Við fáum öfluga nýja félaga og nýtum okkur þann sveigjanleika sem samfélagsmiðlarnir skapa. Við væntum mikils af hinum nýja klúbbi og óskum þess innilega að hann megi dafna vel. Við getum öll glaðst yfir því að fá í Rótarýhreyfinguna ungt, drífandi fólk sem vill vinna mannúðar- og menningarstarf, stuðla að skilningi milli starfsgreina og landa, og hvetja til siðgæðis, góðvildar og friðar í heiminum.

Lágmarksviðmið Rotary International um félagafjölda í umdæmi er 1200 manns. Með tilkomu nýja klúbbsins, og með þeirri hægu en jöfnu fjölgun sem er í klúbbunum þrjátíu sem fyrir voru, tókst okkur að komast yfir lágmarkið. Á Íslandi eru nú 1.209 virkir félagar auk 59

heiðursfélaga. Rúmlega fimmtungur af Rótarýfélögum á Íslandi eru konur, sem er svipað hlutfall og í nágrannalöndunum, en með fjölgun kvenna getum við eftl Rótarýstarfið enn frekar. Kynningarfundir eru lofsvert framtak sem skila árangri í endurnýjun klúbba. Rkl. Keflavíkur og Rkl. Reykjavík International héldu slíkar kynningar í janúar og mars sl. Fundirnir tókust afar vel og klúbbarnir standa sterkari á eftir. Svo er alltaf ánægjulegt að fylgjast með Rótaractklúbbinum Geysi sem dafnar vel. Ungu félagarnir eru nú 19 talsins og eru hvarvetna Rótarý og þjóðinni til sóma.

### ***Paul Harris viðurkenningar umdæmisstjóra***

Umdæmisstjóri veitti fjórum félögum sérstaka viðurkenningu á starfsárinu. Í hátíðarkvöldverði umdæmisþingsins fékk Jón Hákon Magnússon, Rkl. Seltjarnarness, PH með rúbín fyrir langa og fjölþætta þjónustu, nú síðast sem fráfarandi formaður valnefndar. Að afloknu umdæmisþingi var Hannes Guðmundsson, forseti Rkl. Reykjavík Austurbær, sæmdur PH í þakklætisskyni við hann og klúbbinn allan sem stóð svo vel að umdæmisþinginu, Rótarýblaðinu og Stórtónleikunum.

Á fundi í Rkl. Reykjavík Árbæ var Gísli B. Ívarsson, formaður undirbúningsnefndar nýja klúbbsins, þakkað með PH orðu fyrir framlag hans og móðurklúbbanna þriggja við að koma á legg eRótarý Ísland. Loks var Knúti Óskarssyni, forseti Rkl. Mosfellssveitar og formaður Pólíó Plús nefndarinnar, veitt PH orða með safir fyrir átakið gegn lömunarveiki. Sú afhending fór fram í hlíðum Esjunnar 23. júní sl.

### ***Áherslumál umdæmisstjóra og lokaorð***

Sérstök markmið liðins starfsárs voru þrjú og okkur tókst í sameiningu að ná þeim öllum. Þau voru:

1. Virkari þátttaka klúbba í verkefnum
2. Kröftugur endasprettur í Pólíó Plús áttakinu til útrýmingar lömunarveiki
3. Nýr klúbbur sem sniðinn er að lífstíl yngri félaga

Í starfsáætlunum klúbbanna og í heimsóknnum til þeirra kemur í ljós hversu margir klúbbar vinna að ótrúleg fjölbreyttum og uppbyggilegum verkefnum. Í kynningum mínum notaði ég einmitt tækifærið til að sýna dæmi um innlend og fjölþjóðleg verkefni klúbbanna. Í öllum samskiptum mínum við rótarýfélaga á starfsárinu reyndi ég svo að bera hugmyndir á milli. Virk þátttaka klúbba í verkefnum er ekki bara gagnleg vegna þess sem verkefnin skila ein og sér heldur ekki síður í samvinnu rótarýfélaga sem breytir kunningsskap í vináttu. Stærstu klúbbar umdæmisins mega gjarnan taka hina smærri sér til fyrirmyndar. Sem dæmi um það vil ég nefna málþing um eldgosavá sem Rkl. Rangæinga stóð fyrir í Gunnarsholti í desember s.l. og málþing og atvinnusýningu sem Rkl. Borgarness hélt í febrúar.

Í baráttunni fyrir útrýmingu lömunarveiki tókst okkur að ljúka Pólíó Plús áttakinu með þeim hætti að mun meira fé safnaðist og sýnileiki baráttu okkar jókst. Sú barátta Rótarýhreyfingarinnar hófst árið 1985 en þá fengu um 350 þús. börn veikina á ári, þ.e. um þúsund börn á dag. Í fyrra sýktust 650 börn og það sem af er þessu ári hafa tæplega eitt hundrað tilkynningar borist og engin þeirra frá Indlandi. (Vinur minn Ólafur Helgi Kjartansson segir að það sé vegna þess að við hjónin fórum með Rótaractklúbbnum Geysi til bólusetningar á Indlandi en ekki er útilokað að Ólafur Helgi ýki örlítið.) Áætlað er að bólusetningarnar hafi bjargað meira en 8 milljónum manna frá lömun síðan átakið hófst. Pólíó Plús verkefninu lauk formlega 30. júní sl. Þó Rótarý haldi áfram stuðningi sínum. Átakið hófst með þátttöku og áheitu í Reykjavíkurmaraþoninu og lauk þegar Gunnlaugur Júlíusson gekk fyrir okkur tíu ferðir uppá Esjuna. Það vakti verðskuldaða athygli á baráttu Rótarýhreyfingarinnar sem hefur lagt fram tvo þriðju hluta alls þess fjár sem einkaaðilar hafa gefið til verkefnisins frá upphafi.

Þriðja áhersluatriði starfsársins var stofnun nýs Rótarýklúbbs sem tekur mið af lífstíl yngri félaga. Stofnun klúbbsins var samstarfsverkefni Rkl. Miðborgar, Árbæjar og Grafarvogs með stuðningi útbreiðslunefndar og umdæmisstjóra. Með góðum undirbúningi og harðfylgi tókst okkur að fá fullgildingu fyrir klúbbinn 26. júní. Stofnfélagar eru 26 talsins, flestir þeirra eru á aldrinum 30 til 40 ára. Þau nýta kosti netklúbbs með rafrænum samskiptum og samfélagsmiðlum en hittast jafnframt tvisvar sinnum í mánuði.

Þá vil ég minnast á tvö dæmi um nýbreytni sem varða klúbbana. Ég varð þess áskynja í heimsóknnum mínum til þeirra að fyrirkomulag gjaldtöku er afar mismunandi hjá klúbbunum. Í samvinnu við forsetana tók ég saman yfirlit sem sýnir framkvæmd gjaldtöku á hverjum stað. Hvatinn að þessu hagnýta yfirliti var sá að þeir klúbbar sem hafa mánaðarlegt gjald eru mun ánægðari með fyrirkomulagið en hinir. Starf gjaldkera verður auðveldara en það sem meira er um vert er að mætingin batnar eins og Rkl. Selfoss getur vitnað um.

Hitt framfraramálið er nýja starfsgreinaskráin. Rótarý er félag sem grundvallast á leiðandi einstaklingum í ólíkum starfsgreinum en við höfum verið að burðast með starfsgreinaflokkun sem hefur hentað illa og Rotary International hefur loksins tekið af heimasíðu sinni. Niðurstaða okkar var sú að taka upp einfalda útgáfu af starfsgreinaflokkun Hagstofunnar ISAT 2008 og gekk hún í gildi 1. júlí sl.

Nú er starfsári mínu lokið sem umdæmisstjóri. Á glæsilegum og skemmtilegum klúbbfundi á Ísafirði 5. júlí sl. afhenti ég Kristjáni Haraldssyni keðju umdæmisstjóra. Við Kristján höfum verið málkunnugir allt frá námsárunum í Háskóla Íslands. Á umliðnum tveimur árum hefur verið ánægjulegt að kynnast honum betur gegnum starfið í umdæmisráði og sjá hversu föstum tökum hann tekur verkefnin. Ég er sannfærður um að Kristján á eftir að veita okkur Rótarýfélögum á Íslandi farsæla forystu og þau Halldóra munu glansa sem umdæmisstjórahjón. Við öll óskum þeim velfarnaðar.

Kristján og félagar hans í Rkl. Ísafjarðar hafa tekið að sér krefjandi og spennandi verkefni. Upphafið lofar mjög góðu. Ég er stoltur af því hvernig minn heimaklúbbur, Rkl. Reykjavík Austurbær, leysti verkefnin sem hann tók að sér og vil þakka þeim sérstaklega. Ávinningurinn er ekki einvörðungu sá að móta umdæmisþingið, Rótarýblaðið og Stórtónleikana til gagns og gleði. Ávinningurinn er jafnframt sá að klúbburinn styrkist. Mér finnst áberandi að þeir klúbbar sem mest vinna saman að verkefnum eru hressustu klúbbarnir og þar eru vináttuböndin sterkust.

Embættismönnum klúbba og umdæmisins ber að þakka fyrir vel unnin störf. Samstarfið við forseta klúbbanna og formenn nefnda var einstaklega ánægjulegt. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra umdæmisins Margréti Sigurjónsdóttur fyrir alla hjálpsemina á starfsárinu.

Nánust er samvinnan í umdæmisráði og það er ómetanlegt hve allir í ráðinu eru boðnir og búnir að aðstoða með þekkingu sinni og reynslu. Pétur Bjarnason, Rkl. Sauðárkróks og frv. umdæmisstjóri, fór úr ráðinu við lok starfsársins eins og reglur kveða á um. Ég færi honum bestu þakkir fyrir samstarfið.

Öllum rótarýfélögum vil ég þakka fyrir það tækifæri að hafa fengið að þjóna Rótarýhreyfingunni sem umdæmisstjóri. Starfið er meira en flestir átta sig á en um leið afar gefandi. Við hjónin höfum notið ársins og þökkum innilega fyrir okkur.

Tryggvi Pálsson  
umdæmisstjóri 2011-2012